



Ár 2026, fimmtudaginn 12. mars. kl. 12.15 er dómþing Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Frímannssyni dómara í Dómstól ÍSí.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2026:

A
gegn
Dansfélagi Reykjavíkur (DR)

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

I.

DÓMUR

Kæra barst frá A, móttekin á skrifstofu ÍSí 10. janúar 2026, þar sem kærð er ákvörðun Dansfélags Reykjavíkur (DR), frá 18. desember 2025. Dómari fékk málið til meðferðar 21. janúar 2026. Greinargerð kærða barst 6. febrúar 2026. Athugasemdir bárust frá kæranda 10. febrúar 2026. Viðbótarathugasemdir bárust frá kærða 19. febrúar 2025 og framhaldsathugasemdir frá kæranda 24. febrúar 2025. Málið var þingfest og dómtekið 25. febrúar 2025, áður var sáttaumleitunum og gagnaöflun lýst lokið. Málið er skriflega flutt.

Gögn málsins nr. 1-36 liggja frammi.

Kært er vegna eftirfarandi ákvörðunar stjórnar DR frá 18. desember 2025:

“Með vísan til framangreinds er umsókn A um aðild að Dansfélagi Reykjavíkur synjað. A getur sótt um aðild að félaginu að nýju að liðnum 5 árum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og verður hún þá tekin til endurskoðunar.”

II.

Dómkröfur

Kærandi:

„Að ákvörðun Dansfélags Reykjavíkur frá 18. desember 2025, um að hafna umsókn kæranda um inngöngu í félagið, verði felld úr gildi.

Að ákvörðun Dansfélags Reykjavíkur frá 18. desember 2025, um að kærandi geti ekki átt aðild að félaginu næstu fimm árin hið minnsta verði felld úr gildi.



Að viðurkennt verði að kærandi sé lögmætur félagsmaður í Dansfélagi Reykjavíkur.

Að stjórn Dansfélags Reykjavíkur verði gert að viðurkenna félagsaðild kæranda og veita honum félagsleg réttindi sem slíkum.

Þá gerir kærandi kröfu um málskostnaðar úr hendi kærða.”

Kærði:

„Kærða gerir aðallega þá kröfu að kröfum kæranda verði vísað frá. Til vara gerir kærða þá kröfu að öllum kröfum kæranda verði hafnað. Þá er gerð krafa um málskostnað, úr hendi kæranda.“

III.

Kærufrestur

Aðalkrafa kærða er frávísun á grundvelli þess að kæra hafi borist utan kærufrests.

Ákvörðun DR var tekin 18. desember 2025, en kærandi og lögmaður hans höfðu enga vitneskju um hana fyrr en eftir áramót, nánar tiltekið 7. janúar 2026. Ákvörðun DR var send til þeirra með tölvupósti 19. desember og af gögnum málsins verður ráðið að móttöku hennar hafi ekki verið fylgt eftir með beiðni um staðfestingu á móttöku tölvupóstsins. Fram kemur í gögnum málsins að lögmaður kæranda varð fyrst var við tölvupóstinn 7. janúar 2026 þegar hann kom til vinnu eftir hátíðirnar. Kærandi kveðst ekki hafa vitað af tölvupóstinum fyrr en 7. janúar 2026 því hann hafi flokkast sem ruslpóstur í pósthólfi kæranda og fannst ekki fyrr en eftir leit.

Samkvæmt þessu byggir kærandi á því að kærufrestur geti fyrst farið að líða hinn 7. janúar 2026. Að auki er byggt á því að þær sérstöku aðstæður séu uppi sem réttlæta að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn sbr. grein 24.2 í lögum um dómstóla ÍSÍ. Ákvörðunin sé íþyngjandi þar sem henni sé ætlað að gilda til fimm ára. Hér sé ekki um einstaka ákvörðun að ræða sem snýr t.d. að tilteknum leik eða ákvörðun í keppni.

Dómari telur kæranda færa fram fullnægjandi rök í kæru fyrir því að málið sé tekið fyrir, skv. gr. 24.2 í lögum ÍSÍ.

IV.

Málavextir



Kærandi óskaði eftir inngöngu í DR í byrjun desember s.l. og greiddi félagsgjald. Stjórn kærða tók umsóknina fyrir og sendi kæranda bréf, dags. 10. desember 2025 (fskj. 1C) um fyrirhugaða afstöðu kærða til umsóknar kæranda um aðild að DR þar sem fram kemur að það sé mat stjórnar DR að hafna beri umsókn kæranda um inngöngu í DR. Í bréfinu eru rakin gögn sem stjórn kærða kvaðst hafa undir höndum um ósæmilega hegðun kæranda við barnunga iðkendur sem voru í þjálfun hjá kæranda (fskj. 2C-2F). Að mati stjórnar kærða sýni gögnin að kærandi hafi brotið með alvarlegum hætti gegn siðareglum DSÍ, ÍBR og ÍSÍ, einkum eftirfarandi reglum sem eiga við um þjálfara innan DSÍ, 1. gr., 13. gr., 14. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr., 21. gr. og 22. gr. Varðandi höfnun stjórnar DR á umsókn kæranda um inngöngu í DR vísar kærði í e-lið 5.2 gr. laga ÍSÍ, þar sem fram kemur að félagi sé heimilt að takmarka þátttöku félagsmanna eða útiloka þá frá félagsstarfi á grundvelli brota á lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar. Einnig er byggt á að háttsemin sé líka í andstöðu við hegðunarviðmið ÍSÍ.

Kærandi sendi kærða andmæli við ofangreindu bréfi 17. desember 2025 þar sem fyrirhugaðri ákvörðun kærða var mótmælt harðlega, hún sé að öllu leyti ólögmæt, tilefnislaus og byggð á órökstuddum illa ígrunduðum forsendum. Vísað er til þess að þau mál sem vísað er til í tilkynningu kærða hafi þegar hlotið úrlausn til þess berra yfirvalda. Öll meint sakarefni hafi verið felld niður á rannsóknarstigi (fskj. 2D). Hér sé verið að vísa til ætlaðra brota kæranda frá árinu 2021 og augljóst sé að kæranda verði ekki sett agaviðurlög vegna ætlaðra brota fjórum árum seinna með því að synja honum um félagsaðild að félagi sem samkvæmt lögum sínum skal vera öllum opið. Ef ætlunin hefði verið að áminna kæranda, eða víkja honum úr félagi, hefði það verið verkefni DSÍ, sem hafi þó ekki tekið neina formlega, lögmæta ákvörðun þess efnis.

Stjórn kærða sendi kæranda bréf 18. desember 2025 (fskj. 1E) um synjun á umsókn um aðild að DR. Í bréfinu er vísað til bréfs kærða frá 10. desember 2025 og andmæla kæranda frá 17. desember 2025. Fram kemur að það sé afstaða kærða að andmæli kæranda leiði ekki til þess að falla skuli frá hinni fyrirhuguðu ákvörðun. Kæranda er síðan tilkynnt eftirfarandi:

„Með vísan til framangreinds er umsókn A um aðild að Dansfélagi Reykjavíkur synjað. A getur sótt um aðild að félaginu að nýju að liðnum 5 árum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og verður hún þá tekin til endurskoðunar.“



V.

Málatilbúnaður kæranda

Í kæru kemur eftirfarandi fram:

„Ákvarðanir um félagsaðild innan íþróttahreyfingarinnar verða að vera í samræmi við lög og grunnreglur réttarríkisins. Samkvæmt 3. gr. laga Dansfélags Reykjavíkur er félagið opið öllum. Í lögum ÍSÍ, gr. 5.2 e-liður, segir einnig skýrt að aðild að íþróttafélögum skuli vera öllum opin. Því getur félag innan hreyfingarinnar ekki með geðþóttaákvörðun útilokað aðila frá þátttöku, nema fyrir því liggi lögmæt og málefnaleg ástæða.”

„Áður hefur dómstóll ÍSÍ felld úr gildi fyrri ákvörðun Dansfélags Reykjavíkur um að synja kæranda um inngöngu. Sú ákvörðun var staðfest af áfrýjunardómstól ÍSÍ. Í kjölfarið óskaði kærandi formlega eftir inngöngu og greiddi félagsgjald samkvæmt auglýstri fjárhæð. Kæranda var ekki veitt innganga en í stað þess tilkynnti kærði honum 10. desember 2025 að umsóknin yrði tekin fyrir. Þann 18. desember 2025 var honum aftur hafnað um inngöngu í DR aðeins degi eftir að mótmæli við fyrirhugaða ákvörðun var send féluginu. Í ákvörðun dansfélagsins er ekkert litið til fyrri niðurstöðu dómstóla innan ÍSÍ eða þeirra sjónarmiða sem fram komu í athugasemdunum við hinni fyrirhuguðu ákvörðun. Þetta felur í sér ekki aðeins nýtt brot heldur einnig sniðgöngu á bindandi úrskurðum dómstóla ÍSÍ.”

.... „Sem fyrri segir lagði kærandi fram ítarleg andmæli við fyrirhugaðri ákvörðun hinn 17. desember 2025. Engin efnisleg viðbrögð bárust við þeim andmælum. Í ákvörðuninni er vísað til málsatvika sem áttu að hafa átt sér stað að því virðist á árinu 2021 og fullyrt að þau feli í sér brot gegn siðareglum DSÍ. Þær siðareglur sem vísað er til tóku þó ekki gildi fyrr en í mars 2022. Afturvirk beiting viðurlaga er óheimil, sbr. 69. gr. stjórnarskrár og 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvörðunin er því að öllu leyti byggð á ólögmætum og ógildum forsendum. Afturvirk beiting reglna brýtur auk þess gegn lögmætisreglunni og réttmætum væntingum kæranda um fyrirsjáanleika í stjórnun íþróttahreyfingarinnar. Þetta sjónarmið stenst ekki lög.

Í fyrsta lagi er óheimilt að leggja íþyngjandi afleiðingar á einstakling á grundvelli reglna sem ekki voru í gildi þegar þau atvik áttu að hafa átt sér stað, óháð því hvenær umsókn er lögð fram. Að öðrum kosti væri unnt að komast hjá banninu við afturvirkni með því einu að tengja viðurlög við



síðari stjórnvaldsathöfn, sem er andstætt 69. gr. stjórnarskrár, 7. gr. MSE og meginreglum stjórnsýsluréttar um bann við afturvirkni í íþyngjandi ákvörðunum.

Í öðru lagi er vísað ótilgreint til „sambærilegra siðareglna“ án þess að kærða hafi greint hvaða reglur það voru, hvert efni þeirra var, hvenær þær tóku gildi. Slík almenn og óskýr tilvísun uppfyllir hvorki kröfur um rökstuðning né fyrirsjáanleika og getur ekki réttlætt svo íþyngjandi ákvörðun.

Í þriðja lagi breytir það ekki lögfræðilegu mati að umsókn kæranda hafi verið lögð fram eftir gildistöku reglna, þar sem ákvörðunin byggir efnislega á fortíðaratvikum og felur í sér refsandi og íþyngjandi viðurlög vegna þeirra. Slík beiting reglna er afturvirk í efni sínu og óheimil.

Tilvísun kærða í siðareglur DSÍ getur því ekki réttlætt synjun um aðild kæranda og breytir ekki þeirri niðurstöðu að hin kærða ákvörðun byggir á ólögmætum forsendum. Hér er áréttað að dómstóll ÍSÍ hefur þegar komist að þessari niðurstöðu.“

.... „Degi eftir að ákvörðunin var tekin, hinn 19. desember 2025, féll dómur í máli kæranda gegn Danssambandi Íslands (mál nr. 7/2025) þar sem skýrt var lagt til grundvallar að útilokun kæranda frá aðild og þátttöku í dansíþróttum væri ólögmæt. Í dómnum kemur fram að félag innan DSÍ geti ekki, án formlegrar málsmeðferðar og lögmætra raka, komið í veg fyrir aðild einstaklings sem uppfyllir öll almenn skilyrði.....“

Í kæru kemur eftirfarandi fram varðandi röksemdir kæranda:

“Samkvæmt f-lið 5.2. gr. laga ÍSÍ skal félagsaðild að aðildarfélagi vera öllum frjáls. Engin skilyrði mega vera sett sem brjóta gegn þeirri reglu nema fyrir liggi málefnalegar og lögmætar ástæður.

Draga verður þá ályktun að synjunin byggi á þeim sjónarmiðum sem komu fram í fyrirhugaðri ákvörðun frá 10. desember 2025, en þar voru settar fram ásakanir og vísað í siðareglur sem ekki virðast hafa tekið gildi.

Kærandi mótmælir að hann hafi gerst brotlegur við lög eða siðareglur. Kærandi á lögvarða hagsmuni af aðild að dansfélagi innan DSÍ til að geta haldið áfram í íþrótt sinni, tekið þátt í viðburðum og nýtt réttindi sín sem iðkandi.



Þá leggur kærandi áherslu á að þegar hefur gengið dómur áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli nr. 2/2025, þar sem synjun aðildar var dæmd ólögmæt. Dómurinn er bindandi fyrir félagið, og verður ekki virtur að vettugi. Þá fer ákvörðunin þvert gegn niðurstöðu dómstóls ÍSÍ í máli nr. 7/2025 sem fjallað var um hér að framan. Kærandi leggur áherslu á að DSÍ hefur enga ákvörðun tekið enda fyrri ákvarðanir dæmdar ólögmætar.

Allar þær ásakanir sem kærandi hefur uppi hafa þannig þegar hlotið efnis umfjöllun dómstóla ÍSÍ. Hér verður ekki gengið lengra.

Jafnframt liggur fyrir að þau mál sem vísað er til í ákvörðun félagsins hafa þegar hlotið úrlausn til þess bærri yfirvalda. Þannig voru öll meint sakarefni felld niður á rannsóknarstigi. Þetta er bæði DSÍ og fyrirsvarsmanni Dansfélags Reykjavíkur fullkunnugt um. Málin voru þannig rannsökuð og þau felld niður. Dansfélagi er ekki ætlað að rannsaka málin nú mörgum árum síðar og úrskurða hann í ævilangt bann frá félaginu miðað við hina fyrirhuguðu ákvörðun. Engin heimild er til slíks í lögum eða siðareglum.

Þá verður ákvörðun ekki tekin á grundvelli siðareglna sem virðast ekki hafa tekið gildi. Augljóst má vera að kæranda verður ekki sett agaviðurlög vegna ætlaðra brota fjórum árum síðar með því að synja honum um félagsaðild að félagi sem samkvæmt lögum sínum skal vera öllum opið. Ef ætlunin hefði verið að áminna hann, eða víkja honum úr félagi, hefði það verið verkefni DSÍ, sem hefur þó ekki tekið neina formlega, lögmæta ákvörðun þess efnis en sem fyrr segir er dómur í máli 7/2025 endanlegur.

.....

Þá leggur kærandi áherslu á að 3. gr. laga Dansfélags Reykjavíkur tiltekur að félagið skuli öllum opið. Engin takmörkun er á því í lögum félagsins. Í lögum ÍSÍ, gr. 5.2(e), segir einnig að aðild að íþróttafélögum skuli vera öllum opin. Það er því ekki á valdi stjórnar að útiloka aðila frá aðild að félaginu nema með skýrum, lögmætum rökum sem standast lög, réttarfarsreglur og mannréttindaákvæði. Þá er engin heimild í lögum að banna kæranda félagsaðild í fimm ár hið minnsta. Í því er falið augljóst brot auk þess sem í raun er um varanlega höfnun að ræða.



....

Kærandi vísar sérstaklega til niðurstöðu dómstóls ÍSÍ í máli nr. 5/2023 og áfrýjunardómstólsins í máli nr. 2/2025. Jafnframt vísar kærandi sérstaklega til niðurstöðu dómstóls ÍSÍ í máli nr. 7/2025. Í öllum þessum málum komast dómstólarnir að þeirri niðurstöðu að höfnun aðildar væri ólögmat þar sem hún var órökstudd og byggð á óskráðum sjónarmiðum sem brutu gegn e lið í grein 5.2. í lögum ÍSÍ.“

VI.

Málatilbúnaður kærða

Í bréfi DR til kæranda, dags. 10. desember 2025 kemur fram, að stjórn DR hafi undir höndum upplýsingar og gögn sem sýni að kærandi átti í afar ósæmilegum samskiptum við barnunga iðkendur sem voru í þjálfun hjá honum. Fram kemur að það sé mat stjórnar DR að hafna beri umsókn kæranda um inngöngu í kærða.

Í bréfinu er byggt er á eftirfarandi gögnum:

- Skrifleg samskipti A við tvo iðkendur sem, á þeim tíma sem samskiptin áttu sér stað, voru börn að aldri. Samskiptin sýna að mati stjórnar ítrekuð og afar ósæmileg samskipti við A við barnunga iðkendur (fskj. 2C).
 - o Sem dæmi má nefna að A spyr barnungan iðkanda hvort hún hafi „verið bundin“ og er þá að vísa til kynlífsathafnar. Þá segir hann í skilaboðum til sama iðkanda að hann hafi verið að „sjá hvað hann gæti farið langt í djóki/perri“ með iðkandanum. Önnur ósæmileg skilaboð frá A til iðkandans eru: „til i eh perr?“. o Í skilaboðum A til annars barnungs iðkenda spyr hann fyrst: „what r u doing sweetie“ og þegar iðkandinn segist vera að vinna og spyr til baka hvað hann sé að gera þá svarar A: „mostly thinking about you but also gym shopping relaxing eating sleeping and jerking off“. Þá sendi hann mynd af sér berum að ofan til iðkandans.
- Gögn frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Héraðssaksóknara þar sem mál barnungs iðkanda var felld niður. Af gögnunum má sjá lýsingar umrædds barns á samskiptum sínum við A (fskj. 2D).
- Munnlegar frásagnir foreldra um samskipti A við börn umræddra foreldra.



- Skrifleg yfirlýsing foreldra nemenda í Dansskóla Köru og félagsmanna DR þar sem lýst er yfir skýrri andstöðu við aðkomu A að Dansfélagi Reykjavíkur (fskj. 2F).
- Munnleg frásögn frá móður núverandi iðkanda í Dansfélagi Reykjavíkur þar sem hún lýsir afar ósiðsamlegri hegðun A í garð dóttur sinnar. Iðkandinn hefur lýst því yfir að hún geti ekki hugsað sér að iðka dans innan félagsins ef til þess kemur að A fái inngöngu.

Í bréfinu er byggt er á eftirfarandi lögum og reglum:

Að mati stjórnar sýna framangreind gögn og upplýsingar sem liggja fyrir, að A hefur brotið með alvarlegum hætti gegn siðareglum DSÍ, ÍBR og ÍSÍ einkum eftirfarandi reglum sem eiga við um þjálfara innan DSÍ:

- 1. gr. Koma fram við alla iðkendur á einstaklingsgrunni og þeirra eigin forsendum. Beri að hafa í huga að þjálfari á að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
- 13. gr. Samþykki aldrei né sýni ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- 14. gr. Beiti aldrei kynferðislegri áreitni eða hafi náð samband við iðkendur.
- 16. gr. Sinni iðkendum á æfingum en þess utan haldi sig í faglegri fjarlægð.
- 17. gr. Forðist samskipti gegnum síma og internet nema til boðunar æfinga og annarrar upplýsingagjafar.
- 18. gr. Sé meðvitaður um hlutverk sitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og inn.
- 21. gr. Hafi ávallt í huga að hann/hún sé að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
- 22. gr. Forðist að koma sér í þá stöðu að vera einn með iðkanda.

Í e-lið 5.2 gr. í lögum ÍSÍ segir að félagsaðild sé ávallt frjáls öllum þeim sem gangast undir lög og reglur félags. Ekki er heimilt að gera aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa. Félagi er þó heimilt að takmarka þátttöku félagsmanna eða útiloka þá frá félagsstarfi á grundvelli brota á lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar. Auk framangreinds skal áréttað að háttsemin er einnig í andstöðu við hegðunarviðmið ÍSÍ.

Í bréfinu kemur fram að kærða telur nauðsynlegt að horfa til þess að það sé meginhlutverk félagsins að bjóða upp á öruggt, uppbyggilegt og heilbrigt umhverfi fyrir alla iðkendur þar sem þeim líður vel. Háttsemi umsækjanda sem fyrirliggjandi gögn staðfesta var í brýnni andstöðu við framangreint



hlutverk félagsins auk þess að fela í sér alvarleg brot á siðareglum DSÍ, ÍBR og hegðunarviðmiðum ÍSÍ.

Að mati stjórnar Dansfélags Reykjavíkur sé mikilvægt að skapa umhverfi innan félagsins þar sem félagsmönnum og ekki síst börnum er tryggt öruggt félagslegt umhverfi. Kærða telur að ef umsókn verði samþykkt verði það ekki tryggt sem skyldi, í ljósi þess sem liggur fyrir um fyrri háttsemi kæranda.

Loks telur stjórn rétt að benda á að veruleg hættu er á að orðspor kærða bíði hnekki ef umsóknin verður samþykkt. Starfsemi kærða byggir á trausti foreldra, iðkenda, styrktaraðila og samfélagsins. Með því að veita einstaklingi, sem ítrekað og alvarlega hefur gerst brotlegur við siðareglur, aðgang að félagsstarfi, yrði það traust alvarlega skert. Slíkt gæti haft í för með sér fækkun iðkenda, úrsagnir félagsmanna, tap á fjárhagslegum stuðningi og óafturkræfan skaða á orðsperi félagsins, sem aftur myndi bitna á öllu starfi þess til framtíðar.

...

Stjórn Dansfélags Reykjavíkur telur fyrirbyggjandi gögn sýna að kærandi hefur brotið gegn framangreindum ákvæðum siðareglna DSÍ, ÍBR og ÍSÍ. Að mati stjórnar er um alvarleg og ítrekuð brot að ræða. Stjórn telur að horfa verði til þess að strangar kröfur verður að gera til fullorðinna einstaklinga sem starfa og æfa með börnum. Þá er horft til þess að í dag er a.m.k. einn iðkandi í DR sem kveðst hafa orðið fyrir ósæmilegri háttsemi af hálfu kæranda. Umræddur iðkandi hefur vegna þessa lagst gegn því að kæranda verði veitt innganga í kærða. Foreldrar annarra iðkenda, sem sum hver áttu börn í þjálfun hjá kæranda, lýsa sömu afstöðu í skriflegri yfirlýsingu.

Kærða tilkynnti kæranda 18. desember 2025 að kærða hefði tekið ákvörðun um að synja umsókn kæranda um aðild að kærða. Kærandi geti sótt um aðild að félaginu að nýju að liðnum 5 árum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og verður hún þá tekin til endurskoðunar.

VII.

Forsendur og niðurstöður

Í málinu er deilt um lögmæti ákvörðunar stjórnar kærða frá 18. desember 2025 um að synja kæranda um aðild að hinu kærða félagi og jafnframt ákveða að kærandi geti ekki sótt um aðild að nýju fyrr en að liðnum fimm árum.



Kærði byggir á því að kærandi hafi gerst brotlegur við siðareglur DSÍ, ÍBR, ÍSÍ og hegðunarviðmið ÍSÍ fyrir þjálfara. Með vísan til þessa og á grundvelli lokamálsliðar e-liðar 5.2. gr. laga ÍSÍ hafnar kærði umsókn kæranda um aðild að DR.

Kærandi mótmælir að hann hafi gerst brotlegur við lög eða reglur íþróttahreyfingarinnar.

Af gögnum málsins verður ráðið að umrædd brot hafi átt sér stað á tímabilinu febrúar til júní 2021, þegar kærandi þjálfaði unglinga undir 18 ára aldri hjá Dansfélaginu Bíldshöfða (DB) sem var á þeim tíma aðili að Dansíþróttasambandi Íslands (DSÍ). Í dómi dómstóls ÍSÍ, mál nr. 7/2024, kemur fram í málalíbúnaði DSÍ bls. 4, að frá árinu 2022 hafi ekki verið starfsemi í DB og DB hafi því ekki átt aðild að DSÍ frá þeim tíma.

Fram kemur í gögnum málsins að ætluð brot voru kærð til lögreglu 1. júlí 2021 (fskj. 2D). Í kjölfarið var málið sent héraðsaksóknara í desember 2022. Héraðssaksóknari rannsakaði málið og tók skýrslur af brotaþola og kæranda. Héraðssaksóknari taldi það sem fram væri komið um ætluð brot gegn 199. gr. og/eða 2. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis og felldi þann hluta málsins niður í júlí 2023. Fram kemur að brotaþoli og kærandi séu ein til frásagnar um atvik málsins. Kærandi neitar alfarið sök. Þannig standi orð brotaþola gegn orðum kæranda um það sem gerðist. Hvað varðar samskipti kæranda og iðkanda í gegnum “Instagram” og þá sérstaklega ummæli kæranda, þá var það mat héraðssaksóknara að eðli þeirra eða fjöldi séu ekki með þeim hætti að þau falli undir ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hins vegar taldi héraðssaksóknari umrædd ummæli kunna að varða við 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og var þeim hluta málsins vísað til lögreglunnar til meðferðar. Með bréfi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 25. september 2023 var rannsókn á þeim hluta málsins hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram.

Samkvæmt þessu liggur fyrir að ætluðum brotum kæranda var vísað til lögreglu og barnaverndaryfirvalda til rannsóknar. Þeim rannsóknum hefur verið hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda þeim áfram.



Ætluð brot kæranda á siðareglum hafa ekki sætt kærur til dómstóls ÍSÍ samkvæmt lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar.

Í þessu ljósi tekur kærði ákvörðun um að hafna kæranda um félagsaðild á grundvelli ætlaðra brota á siðareglum og vísar í því sambandi til lokamálsliðar í e-liðar 5.2 gr. í lögum ÍSÍ þar sem segir að félagi sé heimilt að takmarka þátttöku félagsmanna eða útiloka þá frá félagsstarfi á grundvelli brota á lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar. Þessi málsliður kom inn í lög ÍSÍ með lagabreytingu sem gerð var á lögum ÍSÍ á Ársþingi 2025.

Það er mat dómsins að kærði geti ekki byggt höfnun sína á ætluðum brotum frá 2021 sem áttu sér stað þegar kærandi þjálfaði hjá Dansfélaginu Bíldshöfða, sem hefur ekki verið innan vébanda ÍSÍ frá 2022. Ætluð brot kæranda á siðareglum hafa hlotið meðferð og afgreiðslu hjá lögreglu og barnaverndaryfirvöldum eins og fram er komið og leiddi hún ekki til viðurlaga gagnvart kæranda. Þá hafa ætluð brot kæranda ekki sætt kærur á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda innan íþróttahreyfingarinnar.

Þegar íþróttafélag byggir íþyngjandi ákvörðun á því að einstaklingur hafi brotið siðareglur íþróttahreyfingarinnar verður almennt að liggja fyrir niðurstaða þar til bærri aðila innan viðkomandi sérsambands eða dómstóla ÍSÍ. Slík niðurstaða liggur ekki fyrir í máli þessu.

Í lögum ÍSÍ (gr. 5.2) er meginreglan að aðild að íþróttafélagi skal vera öllum frjáls sem gangast undir lög og reglur félagsins. Undantekningar verða að vera lögmætar og byggðar á skýrum heimildum.

Lagaákvæðið í 3. ml. e liðar 5.2 gr. laga ÍSÍ sem kærði byggir synjun sína á kom inn í lögin 2025. Ákvæðið virkar ekki aftur í tímann og því verður synjun kærða ekki byggð á því .

Með vísan til þessa er það mat dómsins að hin kærða ákvörðun hafi að þessu leyti byggst á ófullnægjandi lagagrundvelli.

Dómstóllinn tekur undir að íþróttafélögum ber rík skylda til að tryggja að starfsemi þeirra fari fram í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, ekki síst þegar um er að ræða starf með börnum og ungmennum. Slík sjónarmið hafa ríkt vægi innan íþróttahreyfingarinnar og endurspeglast meðal



annars í siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSÍ. Íþróttafélög verða að geta brugðist við aðstæðum sem kunna að skapa hættu eða vantraust innan félagsins og tekið ákvarðanir sem miða að vernd iðkenda og trausti foreldra og samfélagsins. Þessi sjónarmið geta, eftir atvikum, réttlætt að stjórn íþróttafélags taki tillit til upplýsinga um fyrri háttsemi einstaklings við mat á umsókn hans um félagsaðild, sérstaklega þegar starfsemi félagsins snýr að verulegu leyti að börnum og ungmennum. Slíkt mat verður þó ávallt að fara fram innan þeirra marka sem lög og reglur íþróttahreyfingarinnar setja.

Við mat á lögmæti hinnar kærðu ákvörðunar verður því að líta til þess að þótt kærði hafi haft málefnalegar áhyggjur af starfsemi félagsins og öryggi iðkenda, verður slíkum áhyggjum að mæta með úrræðum sem eiga sér stoð í lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar.

Það er álit dómsins með vísan til alls þessa að kærða geti ekki hafnað umsókn kæranda um aðild að DR.

Kröfu um málskostnað er hafnað.

VIII.

Dómsorð:

Ákvörðun stjórnar Dansfélags Reykjavíkur (DR) um að hafna kæranda um aðild að Dansfélagi Reykjavíkur er felld úr gildi. Kröfu um málskostnað er hafnað.

Halldór Frímannsson
Dómari



Aðilum er bent á ákvæði 35.3 í lögum ÍSÍ þar sem segir að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.